

## REGLUGERÐ

### um tímasetningu, stjórnun og aðra þætti í tengslum við uppboð á heimildum til losunar gróðurhúsalofttegunda.

#### 1. gr.

##### *Innleiðing.*

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi eftirtaldar reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar:

- i. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1031/2010 frá 12. nóvember 2010 um tímasetningu, stjórnun og aðra þætti í tengslum við uppboð á heimildum til losunar gróðurhúsalofttegunda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2012 frá 26. júlí 2012. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1031/2010 var birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 59 frá 18. október 2012, bls. 812, og verður hluti reglugerðar þessarar.
- ii. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1210/2011 frá 23. nóvember 2011 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1031/2010, einkum í því skyni að ákvarða fjölda heimilda til losunar gróðurhúsalofttegunda sem verða boðnar upp fyrir 2013, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2012 frá 26. júlí 2012. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1210/2011 var birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 59 frá 18. október 2012, bls. 296, og verður hluti af reglugerð þessari.
- iii. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 784/2012 frá 30. ágúst 2012 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1031/2010 í því skyni að skrá uppboðsvettvang sem Þýskaland tilnefnir og leiðréttá 7. mgr. 59. gr., sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 235/2012 frá 31. desember 2012. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 784/2012 var birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 16 frá 14. mars 2013, bls. 180, og verður hluti af reglugerð þessari.

#### 2. gr.

##### *Uppboðsvettvangur.*

Losunarheimildum sem Íslandi er úthlutað án endurgjalds verður ráðstafað til uppboðs á uppboðsvettvangi, tilnefndum af hálfu þeirra aðildarríkja Evrópusambandsins, sem taka þátt í sameiginlegri aðgerð með framkvæmdastjórninni eins og tilgreint er í VII. kafla reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1031/2010.

#### 3. gr.

##### *Uppboðshaldari.*

Ríkiskaup hafa verið tilnefnd sem uppboðshaldari fyrir hönd Íslands, sbr. V. kafla reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1031/2010.

#### 4. gr.

##### *Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 28. gr. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál, kemur í stað reglugerðar nr. 1066/2012, um tímasetningu, stjórnun og aðra þætti í tengslum við uppboð á heimildum til losunar gróðurhúsalofttegunda (I) og öðlast þegar gildi.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 24. maí 2013.*

F. h. r.

**Angantýr Einarsson.**

*Guðrún Ögmundsdóttir.*